

Álagning fasteignagjalda 2022

Fasteignagjöld eru samheiti um fasteignaskatt og fasteignatengd gjöld sem skiptast í eftirfarandi: lóðarleiga (þar sem við á), vatnsgjald (þar sem við á), sorphirðugjald, sorpurðunargjald og rotþróargjald. Skrifstofa Akrahrepps annast álagningu, reikningagerð og innheimtu fasteignagjalda. Rotþróargjald hefur verið gjaldfært sérstaklega en verður nú innheimt samtímis fasteignagjöldum og er gjaldinu skipt yfir þriggja ára tímabil.

Álagning fasteignaskatts er framkvæmd samkvæmt 2. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarfélögum er skylt að leggja á fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári samkvæmt fasteignaskrá. Gjaldstofn til álagningar fasteignaskatts er fasteignamat.

Fasteignamat

Álagning fasteignagjalda byggist á fasteignamati húsa og lóða í Akrahreppi. Matið er framkvæmt af Þjóðskrá Íslands samkvæmt [V. kafla laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001](#). Fasteignamat eignar tekur bæði til húss og lóðar og er fasteignamati skipt í húsamat og lóðarmat.

Fasteignaskattur

Sveitarfélögum er skylt að leggja á fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári samkvæmt fasteignaskrá. Fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðamótum eftir að þau eru skráð og metin í fasteignaskrá, nema þær séu sérstaklega undanþegnar fasteignaskatti með lögum. Fasteignaskattur fellur niður næstu mánaðamót eftir að mannvirki er afskráð í fasteignaskrá.

Gjöld

Fasteignagjöld eru reiknuð út frá fasteignamati sem hér segir:

Flokkur	Gjald
Fasteignaskattur A	0,475 % af hús- og lóðarmati
Fasteignaskattur B	1,32% af hús- og lóðarmati
Fasteignaskattur C	0,475 % af hús- og lóðarmati
Rotþróargjald (<2000 l.)	kr. 10.500
Rotþróargjald (>2000 l.)	kr. 12.500
Sorphirðugjald	Tilkynnt síðar

Undir A-skattflokk falla íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, hesthús, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

Undir B-skattflokk falla sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

Undir C-skattflokk falla allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu-, og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Innheimta

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2022 verða 8 talsins á mánaðarfresti 1. hvers mánaðar, frá mars til október. Fyrsti gjalddagi 1. mars. Fasteignagjöld 30.000 kr. og lægri eru innheimt með einum gjalddaga 1. maí. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Eftir eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt fyrir eindaga. Innheimtuviðvörðun er send út eftir eindaga þar sem gjaldendum er gefinn kostur á að greiða kröfu svo komist verði hjá milli- og löginheimtu gjalda. Fasteignagjöldin verða innheimt með rafrænum greiðsluseðlum sem hægt er að greiða í netbanka. Gjaldendum er bent á þann möguleika að láta viðskiptabanka sinn sjá um beingreiðslur á fasteignagjöldum.

Ekki eru gefnir út greiðsluseðlar þar sem álagningin er undir 400 kr. **Álagningarseðill fasteignagjalda verður ekki sendur út á pappírformi**, en greiðendur geta flett honum upp á vefsíðunni www.island.is.

Reglur um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega

Elli- og örorkulífeyrisþegum er veittur afsláttur af fasteignaskatti vegna íbúða þeirra til eigin nota. Afslátturinn er tekjutengdur. Hann miðast til bráðabirgða við tekjur ársins 2020, þ.m.t. fjármagnstekjur, sbr. álagningu skattstjóra. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk:

Einstaklingur			Hjón/sambúðarfólk		
Tekjur	Kr.	Afsláttur	Tekjur	Kr.	Afsláttur
Allt að	3.981.500	100%	Allt að	5.006.500	100%
Allt að	4.808.000	50%	Allt að	6.282.000	50%

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 13. desember 2021